

ar herra amtmaður skal hjer með vinnumaður Ólafur Jóhannesson á Hlíðarhúsum við Reykjavík sœmdur 25 króna verðlaunum fyrir dugnað þann og snarræði, er hann sýndi við hjörgun nokkurra manna úr sjávarháska í aprilmánuði 1875. 123  
11. okt.

Avisun á nefnda upphæð fylgir hjer með til þóknanlegrar ráðstöfunar.

— *Brjef landshöfðingja til stiptyfirvaldanna um húsaleigustyrk* við prestaskólann. — Samkvæmt tillögum stiptyfirvaldanna í brjefi frá 2. þ. m. veitist hjer með stúdent Morten Hansen, þó hann eigi heima í Reykjavík, 80 kr. styrkur af fje því, sem veitt er með 13. gr. B I b., fjárlaganna til húsaleigu handa lærisveinum prestaskólans, og eru stiptyfirvöldin beðin að hlutast til um, að nefnd upphæð verði borguð. 124  
11. okt.

— *Brjef landshöfðingja til amtmannsins yfir norður- og austurumdæminu um hjónaskilnað.* — Með brjefi yðar, herra amtmaður, frá 30. ágúst þ. á. meðtók jeg bónarbrjef frá konunni Guðbjörgu Jónsdóttur á Tindum um skilnað að borði og sæng við bónda sinn Björn Eysteinnsson á Hurðarbaki, þrátt fyrir það, þótt hann hafi ekki fengizt til að fara þess á leit með henni. 125  
11. okt.

Út af þessu skal yður tjáð til þóknanlegrar leiðbeiningar og birtingar fyrir hlutaðeiganda, að með því að ekki er borin fram önnur ástæða til hins umbeðna hjónaskilnaðar en ólíkir geðsmunir, getur ekki komið til tals að veita hann gegna vilja annars hjónanna.

— *Brjef landshöfðingja til amtmannsins yfir norður- og austurumdæminu um styrk til vjelasmíðisnáms.* — Samkvæmt tillögum yðar, herra amtmaður, í brjefi frá 30. f. m. hefi jeg veitt prófastinum í Eyjafjardarsýslu 200 kr. styrk úr landsjóði upp í kostnaðinn við að koma Jóni Árnasyni frá Skútum í verkvjelasmíðisnám, og hefi jeg samkvæmt beiðni prófastsins gjört ráðstöfun til að upphæð þessari verði ávísað Tryggva alþingismanni Gunnarssyni til útborgunar í Kaupmannahöfn, þegar hann um það snýr sjer til ráðgjafans fyrir Ísland. Þetta er tjáð yður til þóknanlegrar leiðbeiningar og birtingar fyrir hlutaðeiganda. 126  
15. okt.

— *Brjef landshöfðingja til sýslumannsins í Skagafjardarsýslu um styrk handa kvennaskóla.* — Í brjefi frá 28. f. m. hafið þjer, herra sýslumaður, mælt fram með beiðni hlutaðeigandi forstöðunefndar um styrk úr landssjóði handa kvennaskóla, sem í ráði er að stofna í haust í sýslu yðar. 127  
15. okt.

Út af þessu vil jeg með sjerstöku tilliti til þess, að sýslunefndin hefur veitt þessari stofnun 200 kr. þetta ár, hjer með leggja tjeðum skóla 100 kr. styrk af fje því, sem ákvæðið er úr landssjóði til vísindalegra og verklegra framkvæmda. Býst jeg við, að sýslunefndin hafi hið nauðsynlega eptirlit með, að því fje, sem lagt er úr almennum sjóði til fyrirtækis þessa, verði varið samkvæmt tilætluninni, og mun jeg, undir eins og jeg er búinn að fá vottorð sýslunefndarinnar um, að skólinn sje byrjaður, ávísa nefndinni tjeðum styrk til útborgunar úr jarðabókarsjóði.